



Tónlistarskóli Borgarfjarðar

Borgarbraut 23 – 310 Borgarnes – Sími: 433 7190 – Netfang: tonlistarskoli@borgarbyggd.is

Fréttabréf maí 2016

Innritun fyrir veturinn 2016-2017

Innritun nýrra nemenda er nú á rafrænu formi, slóðin er:

<https://www.schoolarchive.net/school/AdmissionForm.aspx?orgId=32&periodId=>

Slóðina er hægt að finna á heimasíðu Borgarbyggðar;

Skólastjóri verður við dagana 23. og 24. maí nk frá kl. 14:00 til 17:00 í skólanum og í síma 433 7190

Einnig hægt að hafa samband á netfangið tonlistarskoli@borgarbyggd.is

Áhugasömum er velkomið að líta við á þessum tíma, skoða og prófa hljóðfæri og fá upplýsingar um námið

Núverandi nemendur sækja einnig um fyrir næsta vetur með því að senda tölvupóst á skólann.

Athugið að sækja um fyrir lok maí



Námstilhögun

Tónlistarkennslan fer fram á eftirtöldum stöðum og verður boðið upp á eftirfarandi nám:

➤ **Tónlistarskólanum, Borgarbraut 23 Borgarnesi:**

Forskóli (fyrir 3-5 ára börn): Undirbúningsnám fyrir almennt tónlistarnám. Kennt er í hóptímum einu sinni í viku.

Blokkflauta (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum eða hóptímum. Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér hljóðfæri.

Gítar, bassagítar og ukulele (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

Blásturshljóðfæri (9 ára og eldri): Kennt er á eftirtalin hljóðfæri: þverflautu, klarinett, cornett, trompet og saxófón. Eitthvað er til af hljóðfærum sem nemendur geta leigt.

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að píanói eða hljómborði heima.

Söngur börn (10-14 ára): Kennt í einkatímum og hóptímum, - unnið m.a. með raddþjálfun og karaoke.

Söngur - Almenn deild (15 ára og eldri): Kennt er í einkatímum og hóptímum. *Allir nýir nemendur taka inntökupróf í Söngdeildina.*

Trommur (10 ára og eldri): Kennt er í einkatímum eða hóptímum.

➤ **Varmalandi:**

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að píanói eða hljómborði heima.

Gítar og bassagítar (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

Blásturshljóðfæri, kennt í einkatímum einu sinni í viku á blokkflautu (6 ára og eldri), svo og á klarinet, þverflautu, cornett og saxófón (9 ára og eldri). Eitthvað er til af hljóðfærum sem nemendur geta leigt. Blokkflautu og saxófón útvega nemendur sér sjálfir.



➤ **Hvanneyri:**

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum einu sinni í viku. Nemendur þurfa að hafa aðgang að hljóðfæri heima.

Gítar, bassagítar og ukulele (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

➤ **Kleppjárnreykjum:**

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að hljóðfæri heima.

Gítar, bassagítar og ukulele (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

Blásturshljóðfæri, kennt er á blokkflautu (6 ára og eldri), klarinet, þverflautu, cornett og saxófón (9 ára og eldri). Kennt í einkatímum og hóptímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir blokkflautu og saxófón, en eitthvað er til af öðrum blásturshljóðfærum sem nemendur geta leigt.


ATH. Aldursmörk eru aðeins gefin til viðmiðunar

Skólagjöld á haustönn 2016 eru:

<u>BÖRN/UNGLINGAR</u>	<u>19 ára og yngri</u>	<u>FULLORÐNIR:</u>	<u>20 ára og eldri</u>
<i>Námshlutfall</i>	Börn/unglingar	<i>Námshlutfall</i>	Fullorðnir
<i>Fullt nám:</i>	kr. 36.476	<i>Fullt nám:</i>	kr. 126.264
<i>Hálft nám:</i>	kr. 22.026	<i>Hálft nám:</i>	kr. 75.759
<i>Hóptímar:</i>	kr. 15.433	<i>Hóptímar:</i>	kr. 53.312
<i>Fullt+hálft:</i>	kr. 51.347	<i>Fullt+hálft:</i>	kr. 176.770

Veittur er 25% afsláttur hjá öðru barni og 50% afsláttur hjá þriðja barni í fjölskyldu





Eftirtaldir tónlistarkennarar áætla að kenna veturinn 2016-1017:

Alexandra Chernyshova – söngur

Birna Þorsteinsdóttir – píanó, söngur, harmoníka, forskóli

Dóra Erna Ásbjörnsdóttir – píanó

Gunnar Ringsted – gítar, bassagítar, trommur

Hafsteinn Óðinn Þórisson – gítar, bassagítar, ukulele

Jónína Erna Arnardóttir – píanó, söngur, meðleikur

Ólafur Flosason – blásturshljóðfæri

Theodóra Þorsteinsdóttir – söngur, skólástjóri

Tónlistarskóli Borgarfjarðar var stofnaður 7. september 1967. Allt frá upphafi hefur skólinn skipað stóran sess í fræðslu- og menningarlífi í héraðinu. Skólinn hefur vaxið og dafnað í þau fjörutíu og átta ár sem hann hefur starfað. Árið 2004 eignaðist skólinn húsið við Borgarbraut 23 í Borgarnesi. Þar fer öll tónlistarkennslan í Borgarnesi fram. Að auki er kennt í húsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar; á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Starf skólans er fjölbreytt, auk hefðbundinnar kennslu eru samspilstímar og sönghópastarf í skólanum. Tónfundir og tónleikar eru haldnir reglulega og nemendur koma fram við ýmis tækifæri í héraðinu og víðar.

Allir tónleikar og tónfundir á vegum skólans eru öllum opnir.

Þó innritun nýnema sé auglýst í maí er hægt að sækja um skólavist hvenær sem er ársins í Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Hafið samband við skólástjóra í síma 433 7190

og á netfangið tonlistarskoli@borgarbyggd.is.

Upplýsingar um Tónlistarskóla Borgarfjarðar má finna á vef Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is

Einnig veitir skólástjóri frekari upplýsingar í síma 433 7190 og 864 2539.